

Miðvikudaginn 19. desember 1990.

Nr. 322/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Ólafi Tryggva Jónssyni**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Lögregluskýrsla.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Ragnheiður Thorlacius, settur héraðsdómari, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. ágúst 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og til sviptingar ökuréttinda ævilangt.

Verjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, er lög leyfa.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála segir svo: „Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskýlt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.“ Eigi verður séð af skýrslum varðstjóra, sem teknar voru af ákærða 16. júní 1989, 15. september 1989 og 31. janúar 1990, að þessa hafi verið gætt. Skýrslutaka með þessum hætti er aðfinnsluverð. Með hliðsjón af málavöxtum eru þó ekki af þessum sökum eða öðrum efni til að verða við hinni framkomnu ómerkingarkröfu.

Brot ákærða varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þykir refsing hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 13. desember 1985, og ber að áréttta það.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma

ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Tryggvi Jónsson, sæti varðhaldi í 65 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í rikissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttar-lögmans, 30.000 krónur.

### Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 31. maí 1990.

Mál þetta, sem þingfest var þann 25. maí 1990 og dómtekið í dag, er höfðað hér fyrir réttinum með ákæruskjali rikissaksóknara, dagsettu 17. maí 1990, á hendur Ólafi Tryggva Jónssyni, fæddum 29. maí 1922, bónda, til heimilis að Hemlu, Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu, „fyrir að aka eftirtöldum bifreiðum undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér er rakið:

1) Föstudaginn 16. júní 1989 bifreiðinni L-2129 frá Litlu kaffistofunni í Svínahrauni, Árnessýslu, til Hveragerðis, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Grænumörk.

2) Föstudaginn 15. september 1989 bifreiðinni KS-024 frá heimili sínu til Hvolsvallar, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Vallarbraut við Stóragerði.

3) Aðfaranótt miðvikudagsins 31. janúar 1990 sömu bifreið frá heimili sínu að Skeggjastöðum í sömu sveit.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

1) Föstudaginn 16. júní 1989 stöðvaði lögreglan í Árnessýslu bifreiðina L-2129 á Grænumörk í Hveragerði, og reyndist ökumaður vera ákærði í máli þessu, Ólafur Tryggvi Jónsson. Þar sem ákærði virtist verulega mikið ölvaður, eins og segir í frumskýrslu lögreglu, var hann færður á lögreglu-stöðina á Selfossi, þar sem tekið var úr honum blóðsýni í þágu rannsóknar

málsins. Alkóhólmagn í blóði ákærða í umrætt sinn reyndist vera 1,83 prómille.

Ákærði viðurkenndi í sakadómi Rangárvallasýslu þann 25/5 sl. að hafa ekið bifreiðinni L-2129 frá Litlu kaffistofunni áleiðis austur fyrir fjall, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hveragerði. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en hafa drukkið töluvert áfengismagn deginum áður. Ákærði viðurkenndi jafnframt að hafa ekið bifreiðinni í umrætt skipti sviptur ökuréttindum.

2) Föstudaginn 15. september 1989 stöðvaði lögreglan í Rangárvallasýslu akstur bifreiðarinnar KS-024 á Vallarbraut móts við Stóragerði og hafði tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Þar sem talsverðan áfengisþef lagði frá vitum ákærða, var hann færður á lögreglu-stöðina á Hvolsvelli og síðan á Heilsugæslustöðina, þar sem tekið var blóðsýni úr honum í þágu rannsóknar málsins. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1,52 prómille í umrætt skipti.

Í réttarhaldi þann 25/5 sl. viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni KS-024 frá heimili sínu áleiðis til Hvolsvallar umræddan dag og að hafa neytt áfengis fyrir akstur. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en viðurkenndi að hafa ekið í umrætt skipti án tilskilinna ökuréttinda.

3) Miðvikudaginn 31. janúar 1990 stöðvaði lögreglan í Rangárvallasýslu akstur bifreiðarinnar KS-024 við bæinn Skeggjastaði í Rangárvallasýslu, og reyndist ökumaður vera ákærði í máli þessu. Þar sem sterka áfengislykt lagði frá ákærða, var hann færður á Heilsugæslustöðina á Hvolsvelli, þar sem tekið var úr honum blóðsýni í þágu rannsóknar málsins. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist í umrætt skipti vera 2,71 prómille.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Rangárvallasýslu þann 26/5 sl., viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni KS-024 frá heimili sínu að Skeggjastöðum umræddan dag, eftir að hafa neytt áfengis fyrir akstur. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en kvaðst viðurkenna að hafa ekið í umrætt sinn án ökuréttinda.

Ákærði var með dómi sakadóms Rangárvallasýslu frá 17/3 1988 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 ár frá 17/3 1988 að telja og var því án ökuréttinda, er atburðir þeir, sem ákært er vegna, áttu sér stað.

Brot ákærða, sem rakin eru hér að framan, eru sönnuð með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins. Varðar háttsemi ákærða, sem frá er greint í 1., 2. og 3. tölulíð ákæruskjals, við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur sett eftirtöldum kærnum og refsingum: 1952 15/2 Sakadómur Rvík. Sátt: 400 kr. sekt f. brot g. 219. gr. alm. hgl., 1. mgr. 27. gr. bifl. og 46. gr. lsb.

- 1981 28/7 Rangárvallasýsla. Sátt: 2.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökul. 12. mán. frá 28.7 '81.
- 1985 13/12 Rangárvallasýsla. Dómur: 20.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 16/12. '85.
- 1988 17/3 Rangárvallasýsla. Dómur: 35.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 3 ár frá 17.3. '88.

Dómar sakadóms Rangárvallasýslu frá 13/12 1985 og 17/3 1988 hafa samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um. Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Þykir refsing hans með hliðsjón af sakaferli hans og atvikum málsins hæfilega ákveðin varðhald í 65 daga.

Með vísan til 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum. Þar sem um ítrekað brot er að ræða, er ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 17. mars 1991 að telja, nánar tiltekið frá þeim tíma, sem réttindasvipting samkvæmt dómi sakadóms Rangárvallasýslu frá 17/3 1988 fellur úr gildi. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis samkvæmt 104. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Tryggvi Jónsson, sæti varðhaldi í 65 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 17. mars 1991 að telja.

Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.